



Velferðarnefnd Alþingis

Reykjavík 8. maí 2017

Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Efni: Stefna og framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks 2017—2021

434 mál. Þingskjal 567

Raunveruleg framkvæmdaáætlun eða óskalisti ?

Framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir tímabilið 2017 – 2021 er langt og ítarlegt plagg. Þegar rennt er yfir drögin með gleraugum hreyfihamlaðra einstaklinga (sem og allra fatlaðra) koma upp fjölmargar spurningar og því miður vissar efasemdir. Sérstaklega þegar tekið er mið af raun niðurstöðu fyrri framkvæmdaáætlunar sem er búin að vera við lýði frá 2012, en því miður eru fjölmargir liðir þar sem alls ekki hafa raungerst, þó vissulega hafi önnur atriði náð fram að ganga. Því teljum við að heiti áætlunarinnar, ***Framkvæmdaáætlun***, vera rangnefni. Með vísan í Íslenska orðabók þá þá þýðir orðið áætlun; (heildar) fyrirætlun og það að koma einhverju í framkvæmd; (láta) gera eitthvað.

Liðir A.3, A.6, B.3, B.4, F.4 og F.5. Ekki fæst séð að samstillt átak fylgi liðum A.3, A.6, B.4, F.4 og F.5 í „Framkvæmdaáætluninni“ enda er aðeins lið A.3 og B.3 markaðir fjármunir í þau verkefni sem þar eru útlustuð. Þeir fjármunir sem úr er að spila nægja líka engan veginn í þau verkefni sem þar er rætt um. Því telur Sjálfsbjörg að aðeins sé um að ræða stefnumarkandi skjal, einskona óskalista um atriði sem vinna þurfi að í náinni framtíð. Til að áætlunin hefði meira vægi, er lagt til að liðunum væri forgangsraðað eftir mikilvægi.

Liðir A.1-A.7. Sjálfsbjörg telur lið A1-A3 vera góða og gilda og nauðsynlegt sé að gera átak í því að fræða þá sem vinna í byggingariðnaði um gildandi byggingarreglugerð. Sjálfsbjörg hefur til að mynda verið í ágætri samvinnu við Samtök Iðnaðarins hvað þetta varðar. Nauðsynlegt er auka samvinnu þarna á milli enn frekar og vantar þar inn aðkomu stjórnvalda.


Aðgengisfulltrúar (A.3.) Sjálfsgætt er að sveitarfélög tilnefni aðgengisfulltrúa og væri slíkt starf tilvalið t.d. fyrir hreyfihamlað fólk. Þetta gæti leitt til þess að sveitarfélög yfir línuna settu sér metnaðarfylli markmið í aðgengismálum en nú er. Til þess þurfa meira fjármagn í málaflokkinn en er til staðar í dag hjá hverju og einu sveitarfélagi og á því strandar. Síðustu ár hefur verið töluvert í umræðunni og Sjálfsbjörg komið þar að mikilvægi þess að það væri á hendi einhvers eftirlitsaðila að fara í aðgengiseftirlit í byggingum. Þarna er lagt til að stærstu brunavarnarembætti landsins bæti þessum verkþætti inn í sín eftirlit og þarf að hrinda þessari hugmynd í framkvæmd.

A.6. - almennissamgöngur. Þegar þessi liður er lesinn saman með stöðuskjali sem fylgdi með drögum að áætlunin sem fylgir sést að nánast enginn árangur né áhugi virðist vera á því að gera almennissamgöngur aðgengilegar.

https://www.velferdarraduneyti.is/media/0-rit-og-skyrslur-2017/Frkv_aeatlun_mff_12_14_aranqursmat_endurbaett_loka_jan2017.pdf

Þarna þurfa sveitarfélögin að taka sig saman í andlitinu og setja raunhæf marmið sem fylgt er eftir með þeirri skyldu að allar almenningssamgöngur í landinu verði aðgengilegar innan nokkra ára. Ekki má heldur gleyma því að almennissamgöngur eru að mestu fjármagnaðar með skattfé alls almennings, þar með talið hreyfihamlaðra. **Skylda ætti ætti þá sem sjá um fólks flutninga á stærstu leiðum svo sem Landshlutasamtök og Strætó B.s svo og þá aðila sem aka til Keflavíkurflugvallar að hafa alla sínar rútur aðgengilegar öllum. Þá leið hafa margar aðrar þjóðir farið.** Sjálfsbjörg vill taka það fram að það telur umrætt þingskjal mjög metnaðarfullt en að full fjármagna það og koma á þeim kvöðum að allt samfélagið þurfi að vera aðgengilegt öllum. Þetta er hægt sé vilji fyrir hendi.

F.h Sjálfsbjargar



Bergur Porri Benjamínsson
Formaður



Þorsteinn Fr. Sigurðsson
Framkvæmdastjóri